

Fundur haldinn 17. febrúar 2015 í Hermes Reyðarfirði kl. 10:00. Mættir: Jón Þórðarson formaður, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson.

Dagskrá fundarins.

1. Samningur SKA – næstu skref
 2. Bættur námsárangur
 3. Málefni fatlaðs fólks – segja frá síðasta fundi
 4. Endurmenntun – undirbúningur
 5. Önnur mál
-
1. Farið var yfir samning SKA, en nýverið lauk endurskoðun A-deildar samningsins. Samningurinn hefur verið settur upp í heild og færður til samræmis við sveitarstjórnarlög. Samþykkt var að senda samninginn út til sveitarstjórna til staðfestingar og boða til auka aðalfundar þann 6. mars n.k. kl. 14:00 á Fáskrúðsfirði, til að undirrita samninginn.
 2. Forstöðumaður fór yfir verkefnið *Bættur námsárangur í skólum á Austurlandi* og næstu skref í því verkefni. Allir leik- og grunnskólar eru með í verkefninu.
 3. Forstöðumaður greindi frá síðasta fundi hjá þjónustuhópi SKA og þeim samþykktum sem þar voru gerðar. Rætt var um fjármál málaflokksins og mikilvægi þess að þjónustusvæðin haldi vel utan um fjárhagsliði málaflokksins.
 4. Forstöðumaður sagði frá tveimur námskeiðum á vegum SKA og GRR nú í febrúar og byrjun mars. Námskeiðin henta bæði leik- og grunnskólum, ásamt aðstandendum barna.
 5. Önnur mál.
Páll Björgvin sagði í stuttu máli frá vinnu við fjölskyldustefnu Fjarðabyggðar og skoðun á fræðslumálum sveitarfélagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson